

Reglur um framlög til stjórnmalasamtaka sem bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga í Hveragerði

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um árleg framlög sem Hveragerðisbær veitir til starfsemi stjórnmalasamtaka sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmalasamtaka.

2. gr.

Ákvörðun um framlög.

Ákvörðun um framlög til stjórnmalasamtaka tekur bæjarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar ár hvert. Fjárhæðinni skal úthlutað ár hvert í hlutfalli við atkvæðamagn.

Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar eru haldnar skal úthlutað helmingi árlegs framlags fyrir kosningar, en síðari helmingi að þeim loknum og þá í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga um starfsemi stjórnmalasamtaka.

3. gr.

Upphæðir framlaga.

Heildarupphæð framlaga til stjórnmalasamtaka er 189 kr. á hvern íbúa sem lögheimili á í sveitarfélaginu 1. janúar á ári hverju. Þessi fjárhæð tekur breytingum árlega miðað við vísitölu neysluverðs í október ár hvert og er grunnvísitalan 511,2 stig, miðað við október 2021, sbr. viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga um framlög til stjórnmalaflokka frá 25. mars 2022 og 2. mgr. 5. gr. laga um starfsemi stjórnmalasamtaka.

Hveragerðisbær styður við útgáfustarfsemi stjórnmalasamtaka með kaupum á auglýsingum í þeim ritum sem gefin eru út á þeirra vegum í Hveragerði. Árleg viðmiðunarupphæð fyrir hver stjórnmalasamtök er kr. 60.000.

4. gr.

Skilyrði úthlutunar.

Samkvæmt 5. gr. a laga um starfsemi stjórnmalasamtaka er skilyrði úthlutunar framlaga að viðkomandi stjórnmalasamtök séu skráð skv. I. kafla C laganna, hafi áður uppfyllt upplýsingaskyldu sína við ríkisendurskoðanda, sbr. 8. og 9. gr. laganna og að ríkisendurskoðandi hafi birt ársreikning þeirra sbr. einnig ákvæði 5. gr. þessara reglna.

5. gr.

Birting ársreiknings og kostnaðar við framboð.

Stjórnmalasamtök sem hljóta styrk samkvæmt reglum þessum skulu árlega birta ársreikning sinn á opinberum vettvangi. Áður en úthlutun framlaga fer fram skal bæjarstjóri kanna hvort að stjórnmalasamtökin uppfylli skilyrði um skráningu sbr. 4. gr. reglna þessara. Skal hann kalla eftir ársreikningum þeirra og kanna hvort þeim hafi verið skilað til ríkisendurskoðanda og að ríkisendurskoðandi hafi birt ársreikningana sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 162/2006. Skal bæjarstjóri birta ársreikningana á vefsíðu Hveragerðisbæjar.

Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar fara fram skulu stjórnmalasamtök sem hljóta styrk samkvæmt reglum þessum gera grein fyrir kostnaði við framboð til sveitarstjórnarkosninga á opinberum vettvangi í síðasta lagi sex mánuðum eftir sveitarstjórnarkosningar.

6. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. apríl 2025. Frá sama tíma falla úr gildi reglur Hveragerðisbæjar um framlög til stjórnmalasamtaka sem bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga sem samþykktar voru í bæjarstjórn 24. nóvember 2022.

Samþykkt í bæjarstjórn Hveragerðisbæjar 13. mars 2025

Pétur G. Markan, bæjarstjóri

Greinargerð

Í 5. gr. laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmalasamtaka er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að veita stjórnmalasamtökum sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum árleg fjárframlög til starfsemi sinnar.

Reglur Hveragerðisbæjar eru til að auka gagnsæi í fjárframlögum til stjórnmalasamtaka og taka mið af viðmiðunarreglum sem Samband íslenskra sveitarfélaga setur um slík framlög en samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 162/2006 ber stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að taka viðmiðunarreglurnar til endurskoðunar árlega. Í viðmiðunarreglum Sambandsins er miðað við að heildarupphæð framlaga til stjórnmalasamtaka miðist við tiltekna upphæð á hvern íbúa sem breytist árlega samkvæmt vísitölu neysluverðs. Upphæð framlaga til stjórnmalasamtaka er ákveðin í fjárhagsáætlun hvers árs.

Samkvæmt reglunum er styrkur til stjórnmalasamtaka tvenns konar, þ.e. beinn fjárstyrkur og kaup á auglýsingu í blöðum stjórnmalasamtaka.

Samkvæmt 5. gr. a laga nr. 162/2006 eru þrjú skilyrði sem stjórnmalasamtök þurfa að uppfylla til að fá úthlutun framlaga frá sveitarfélögum. Stjórnmalasamtök þurfa að uppfylla skilyrði um skráningu, hafa skilað ársreikningum til Ríkisendurskoðanda og skal Ríkisendurskoðandi hafa birt ársreikning þeirra.

Í reglum Hveragerðisbæjar er gert ráð fyrir að bæjarstjóri hafi eftirlit með að framangreind úthlutunarskilyrði séu uppfyllt. Áður en til úthlutunar kemur ber bæjarstjóra því að kanna hvort að stjórnmalasamtök uppfylli skilyrði um skráningu, kalla eftir ársreikningum frá stjórnmalasamtökum og kanni skil á þeim til Ríkisendurskoðunar og birtingu þeirra. Til að tryggja betra aðgengi íbúa sveitarfélagsins að ársreikningunum skulu þeir birtir á vefsíðu Hveragerðisbæjar.